



Fáliðunaráætlun

Viðbragðsáætlun leikskólans Teigasels þegar fáliðað er.

Fáliðun í leikskólanum telst vera þegar of fáir starfsmenn eru við vinnu miðað við fjölda barna hverju sinni í skólanum. Miðað er við að barngildi fari ekki yfir 8 á hvern starfsmann á meðan unnið er eftir skipulagðri dagskrá samkvæmt stundaskrá skólans.

Fáliðun er fundin út með reiknilíkani sem reiknar út hlutfall starfsmanna og barna á hverjum tíma dagsins. Ef starfsmenn á deild reynast of fáir miðað við barnafjölda er ekki tekið á móti ákveðið mörgum börnum eða ákveðið mörg börn send heim samkvæmt sérstöku kerfi. Reynt er að tilkynna foreldrum um skerðingu á dvalartíma með eins löngum fyrirvara og kostur er.

Áður en gripið er til skerðingar á dvalartíma skoða skólastjóri/stjórnendateymi leikskólans samsetningu hópsins og fara yfir hvernig mögulega mætti hagræða skipulagðri starfsemi. Dæmi um slíkt er að sérkennsla fellur niður og undirbúningur kennara er skertur þegar fáliðunaráætlun tekur gildi .

Allir starfsmenn leikskólans vinna saman og aðstoða við það sem þarf og allir ganga í þau störf sem mikilvægast er að manna.

Hópaskiptingin miðast við hverjum hópi fylgi einn starfsmaður (misjafn fjöldi barna eftir aldri)

Systkini eru sett í sama hóp.

Allir hópar þurfa að taka á sig skerðingu í þeirri röð sem hér er sett upp- enginn fer heim aftur fyrr en allir hafa tekið hluta úr degi eða einn dag

Fleiri en einn hópur getur þurft að vera heima í einu – fer eftir undirmönnun í skólanum

Til að koma í veg fyrir frekari skerðingu skulu börn starfsmanna leikskólans Teigasels ekki send heim.

Ef grípa þarf til þessara áætlunar er það fyrst og fremst gert til að tryggja öryggi barna og að leikskólinn geti sinnt kennsluhlutverki sínu samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla 2011 fyrir þau börn sem eru í skólanum hverju sinni. Einnig er hlutverk áætlunarinnar að fyrirbyggja aukið álag á starfsmenn leikskóla.